

# **HANDBÓK BÆNDA**

## **2004**

Ritstjórar:

**Tjörvi Bjarnason**  
**Matthías Eggertsson**

54. árgangur

Útgefandi:

**Bændasamtök Íslands**

Reykjavík 2004  
Prentsmiðjan Gutenberg

Magnús Sigsteinsson,  
Byggingaþjónusta Bændasamtaka Íslands

## Vatn í legubásafjósum

Nægilegt aðgengi að góðu vatni er kún-um nauðsynlegt til þess að þær haldi góðri heilsu og skili hámarksafurðum. Vatn í legubásafjósum er yfirleitt haft í opnum trogum þar sem nokkrar kýr geta drukkið samtímis. Vatnshæðinni í troginu er stjórnað með flotholti.

Vatnstrogin eru til af mismunandi stærðum og gerðum. Þau eru yfirleitt höfð yfir flórum eða þvergöngum við enda legubásaraða til þess að vatn sullist ekki í legubása eða á fóðurgang. Mikilvægt er að trogin séu þannig staðsett að þau hindri ekki eðlilega umferð kúnna þannig að kýr geti auðveldlega komist eftir ganginum fram hjá þeim kúm sem eru að drekka. Breidd þvergangna með vatnstrogi þarf helst að vera u.þ.b. 3,0 metrar. Vatnstrogin mega heldur ekki vera of nálægt kraftfóðurbásum því að þá er hætt við að kýrnar fari beint frá vatnstroginu í kraftfóðurbásinn, blautar á grön-um, og jata kraftfóðurbássins óhreinkast. Mælt er með því að þarna á milli séu a.m.k. 5 – 6 metrar.

Best er að hafa fleiri en eitt vatnstrog í fjósinu þannig að kýrnar geti valið á milli drykkjarstaða.


Samkvæmt aðbúnaðarreglugerð þarf að hafa minnst 8 cm lengd á vatnstrogi fyrir hverja kú í fjósinu (hámark 12 kýr á hvern lengdarmetra vatnstrogs). Vatnsleiðslan að troginu þarf að vera nægilega sver þannig að tryggt sé að alltaf sé nóg vatn fyrir hendi. Annars drekka kýrnar hreinlega ekki eins mikið og þær þurfa. Flutningsgetan þarf að vera a.m.k. 15 - 20 l/mín.

Nauðsynlegt er að hreinsa trogin við og við. Veltitrog, sem hægt er að hvolfa í festiramanum, er þægilegt að hreinsa. Í föstu trogi þarf að vera stór botntappi.

Til þess að koma í veg fyrir að kýrnar skíti upp í vatnstrogið eru til tvær aðferðir. Annars vegar að hafa rör 20 cm fram- an við brúnina á troginu, hins vegar að steypa þrep ofan á gólfið undir troginu. Þrepið á að ná u.þ.b. 30 cm fram fyrir trogið og hæð þess skal vera u.þ.b. 20 cm (sjá mynd 2).



**Mynd 1.** Kýrin stendur með framfætturna uppi á steypu þrepi við vatnstrog í legubásafjósinu að Lambastöðum í Borgarbyggð. Trogið er við enda á tvöfaldri legubásaraði, einn bás tekinn af röðinni.



**Mynd 2.** Snið í vatnstrog í legubásafjósi

Hæfilegt er að efri brún trogsins sé 70 – 80 cm yfir gangveginum eins og fram kemur á mynd 2.

Til greina getur komið að vera með eitt til tvö sjálfbryningartæki á hentugum stað í fjósinu til viðbótar við vatnstrog. Ætla má eitt sjálfbryningartæki fyrir 10 gripi í lausagöngu. Vatnslögn að slíku tæki þarf að geta flutt 10 l/mín. Best er að nota frekar stórar skálar.

Í „köldum“ fjósum, þ.e.a.s. óeinangruðum byggingum, er nauðsynlegt að frostverja vatnsleiðslur og vatnstrog.

Þetta má gera með því að einangra vatnslagnir og hafa hringrásardælu á vatnskerfinu. Að auki má velgja vatnið með forhitara eða leggja hitaþráð í lögnina og e.t.v. einnig í vatnstrogið.

#### Heimildir:

- Hus for storfe, norske anbefalinger; Helsetjenesten for storfe, 2003.
- Indretning af stalde til kvæg, danske anbefalinger; Landbrugets Rådgivningscenter, 2001.
- Reglugerð um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annara afurða þeirra, nr 438/2002.